

SAMÞYKKT
um hundahald í Hvalfjarðarsveit

1. gr.

Stjórnýsla

Samþykkt þessi gildir um hundahald í Hvalfjarðarsveit.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur eftirlit með samþykkt þessari. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar tilnefnir dýraeftirlitsaðila sem fyrir hennar hönd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar í umboði Heilbrigðisnefndar Vesturlands. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar og hefur eftirlit með hundahaldi í Hvalfjarðarsveit. Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar og dýraeftirlitsmaður á vegum Hvalfjarðarsveitar annast framkvæmdina undir yfirumsjón sveitarstjórnar.

Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar skal halda skrá yfir hunda sem veitt er leyfi fyrir í sveitarfélaginu, þar sem fram koma upplýsingar um hundinn og eiganda hans eða umráðamann. Skráin skal vera aðgengileg lögreglu, heilbrigðisnefnd og dýraeftirlitsmanni sveitarfélagsins.

2. gr.

Leyfi til hundahalds

Hundahald í Hvalfjarðarsveit er heimilað í Melahverfi, Bjarkarási, Ásfelli, Krosslandi, Hlíðarbæ og Skólastíg við Heiðarskóla að fengnu leyfi og bundið þeim skilyrðum, sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari. Hundahald er heimilað í dreifbýli, sbr. ákvæði 6. gr.

Allir hundar eru skráningarskyldir hjá Hvalfjarðarsveit.

Ekki er heimilt að hafa fleiri en þrjá hunda eldri en fjögurra mánaða á sama heimili. Heimilt er þó að halda hvolpa, sem vistaðir eru á skráningarstað móður þar til þeir verða fjögurra mánaða. Ræktun hunda í atvinnuskyni er bönnuð, sbr. 17. gr.

3. gr.

Umsóknir, skilyrði fyrir leyfi, skráning og frestir

Eigendur hunda í Melahverfi, Bjarkarási, Ásfelli, Krosslandi, Hlíðarbæ og Skólastíg við Heiðarskóla skulu sækja um leyfi til hundahalds til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar. Umsókn um leyfi skal skila til sveitarstjórnar á þar til gerðu eyðublaði ásamt ljósmynd af hundinum. Með undirritun umsóknar skuldbindur aðili sig til að hlíta í einu og öllu fyrir mælum samþykktar um hundahald í Hvalfjarðarsveit. Umsókn skal senda til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar innan mánaðar frá því að hundur er tekinn inn á heimili.

Útgáfa leyfis til hundahalds er háð staðgreiðslu skráningargjalds. Leyfið er einungis bundið við þann hund sem sótt er um leyfi fyrir hverju sinni. Við útgáfu leyfis fær leyfishafi afhenta merkta plötu og eintak af samþykkt um hundahald í Hvalfjarðarsveit.

Leyfi til hundahalds má veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsækjandi skal vera lögráða. Leyfi til hundahalds er bundið við hvern hund, óframseljanlegt og bundið við heimili umsækjenda enda er það ófrávíkjanlegt skilyrði að hundur sé skráður þar og haldinn.
- b. Að fyrir liggja samþykki sameigenda fjöleignahúss þar sem það á við sbr. 5. gr.
- c. Skylt er að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hundsins.
- d. Að hundurinn hafi verið hreinsaður og sé örmerktur sbr. 10. gr.

Sveitarstjóri eða fulltrúi hans afgreiðir umsóknir um leyfi til hundahalds.

Sé leyfis ekki vitjað innan 30 daga frá því að það er útgefið fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

Við mat umsóknar getur sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar leitað umsagnar lögreglu og annarra yfirvalda um umsækjenda og þá hagi hans sem þýðingu geta haft.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa, fyrri samþykktir sama efnis eða lög um dýravernd, er heimilt að hafna umsókn hans.

4. gr.

Bannaðar hundategundir

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

- a. Pit Bull Terrier / Staffordshire Bull Terrier.
- b. Fila Brasileiro.
- c. Toso Inu.
- d. Dogo Argentino.
- e. Blendinga af ofangreindum tegundum í liðum a.-d.
- f. Blendinga af úlfum og hundum.

5. gr.

Hundar í fjöleignarhúsum, raðhúsum o.fl.

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Áður en hundur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi skal afla samþykkis eigenda annarra íbúða í samræmi við ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

6. gr.

Hundahald í dreifbýli

Eftirfarandi skilyrði um hundahald gilda í dreifbýli Hvalfjarðarsveitar:

- a. Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir hundahaldi í dreifbýli þ.e. utan þeirra svæða sem tilgreind eru í 2. gr., en skylt er að ábyrgðartryggja og ormahreinsa hundana. Alla hunda í dreifbýli skal skrá á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.
- b. Ekki þarf að greiða leyfis- eða eftirlitsgjald af hundum í dreifbýli. Þó skulu eigendur hunda greiða þann kostnað sem af lögbundnum hreinsunum og læknilsaðgerðum hlýst, sbr. 10. gr. þessarar samþykktar, eftir því sem við á. Sömuleiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst, ef hundurinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar.
- c. Hundar í dreifbýli mega ganga lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

7. gr.

Skammtímaheimsóknir

Hundar sem ekki eru skráðir í Hvalfjarðarsveit mega ekki dveljast í sveitarfélaginu lengur en í þrjá mánuði samfellt nema með leyfi sveitarstjórnar og að fengnu samþykki skv. 5. gr. sé um fjöleignarhús að ræða.

Um skammtímaheimsóknir hunda í húsum gildir ákvörðun eigenda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og / eða reglur viðkomandi húsfélags.

8. gr.

Hundaskrá, tilkynningarskylda eigenda

Allir hundar eru skráningarskyldir hjá Hvalfjarðarsveit.

Upplýsingar um hunda skal skrá hjá skrifstofu Hvalfjarðarsveitar. Skrá skal heiti, aldur, kyn, tegund, lítarhátt, númer örmerkis og önnur einkenni hunds. Ljósmynd af hundinum skal fylgja með umsókn. Þar skal einnig skrá nafn, kennitölu, heimilisfang og símanúmer leyfishafa og unráðamanns ef við á. Hvalfjarðarsveit er heimilt að birta úr hundaskrá upplýsingar um hvaða aðilar í sveitarfélaginu hafi leyfi til hundahalds.

Eiganda hunds ber að tilkynna skrifstofu Hvalfjarðarsveitar um aðsetursskipti. Einnig skal hann tilkynna til sama aðila ef hundurinn drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu. Eigendaskipti skal tilkynna með sama hætti.

9. gr.

Ábyrgðartrygging

Allir hundar skulu ábyrgðartryggðir. Eiganda hunds er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hunds sem er skráður í Hvalfjarðarsveit. Ábyrgðartrygging skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.

10. gr.

Ormahreinsun, örmerking og merkiplötur

Skylt er að ormahreinsa hunda á hverju ári. Skal eigandi hunds skila vottorði dýralæknis um ormahreinsun hundsins til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar fyrir 21. desember ár hvert.

Hundur sem sótt er um leyfi fyrir skal örmerktur af dýralækni samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðlaskráráðsins, ISO 11784 eða 11785 nr. 321 14. mars 2011.

Hundar skulu ávallt bera plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds og símanúmer eiganda eða umráðamanns.

11. gr.

Gjöld fyrir leyfi

Fyrir leyfi til að halda hund skal leyfishafi greiða annars vegar leyfisgjald og hins vegar eftirlitsgjald. Við ákvörðun gjalda skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn setur gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal ákveðið handsömunar- og vörslugjald vegna handsömunar lausagönguhunda eða hunda sem teknir eru í vörslu á vegum Hvalfjarðarsveitar vegna brota á samþykkt þessarari.

Leyfisgjaldið greiðist einu sinni, við skráningu hunds. Eftirlitsgjaldið greiðist einnig við skráningu hunds, þ.e. hlutfallslega miðað við þann mánuð sem skráning fer fram og síðan árlega 1. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur leyfið niður.

12. gr.

Helstu varúðar-, aðgæslu- og umgengnisreglur

Eigendur eða umráðamenn hunda skulu gæta þess vel, að hundar þeirra valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði, eða raski ró manna, með stöðugu eða ítrekuðu ýlfri eða gelti. Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á því að hundur hans raski ekki ró íbúa sveitarfélagsins og sé hvorki þeim, né þeim sem um sveitarfélagið fara, til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar getur krafist þess að eigandi eða umráðamaður hunds sækji hlýðninámskeið með hund sinn ef ástæða þykir til.

Eigendum og umráðamönnum hunda er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hunda sína.

Óheimilt er með öllu að láta hunda vera lausa, sbr. þó 6. gr. Nytjahundar mega þó vera lausir þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanns eða í umsjá manns sem hefur fullt vald yfir þeim. Nytjahundar eru t.d. hundar sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahundar.

Óheimilt er að tjóðra hund án eftirlits ábyrgs aðila eða skilja hund eftir án eftirlits utan húss eða á svölum eða afgirtum veröndum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo að komast megí óhindrað að aðalryrnum viðkomandi húss. Taumur má ekki vera svo langur að hundar komist út fyrir lóðarmörk.

Bannað er að árasarþjálfa hunda.

Að öðru leyti skal fara að ákvæðum laga nr. 55/2013, um velferð dýra, og reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra, eftir því sem við á.

13. gr.

Taumskylda og sérstakar takmarkanir

Heimilt er að vera með hunda í taumi og í fylgd ábyrgs aðila á göngustígum og á opnum svæðum innan staðarmarka sveitarfélagsins.

Óheimilt er að fara með hunda á almennar samkomur sem haldnar eru í sveitarfélaginu.

Óheimilt er að hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar. Einnig er óheimilt að hleypa hundum á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010, um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli

Framangreindir staðir eru m.a. eftirfarandi:

1. Vatnsveitur, vatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
2. Almennings- og útsalarni.
3. Hvers konar sorpgeymslu- og staðir þar sem úrgangur er meðhöndlaður.
4. Gististaðir, veitingastaðir, matsölustaðir.
5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema með leyfi umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir, gæsluvellir og sumarþúðir fyrir börn.

8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, tannlækna- og læknastofur, aðgerðarstofur og meðferðarstofnanir.
10. Heilsuræktar- og íþróttamiðstöðvar og sundstaðir.
11. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
12. Samkomuhús hvers konar og staðir, sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu og þjónustu, s.s. leikhús, hljómléikasalir, kirkjur, söfn og kvikmyndahús.
13. Kirkjugarðar og líkgeymslur.
14. Almenn samgöngutæki, nema leigubifreiðar með samþykki bílstjóra.

Heimilt er þó fötluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, samkomuhús og á almennar útisamkomur enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og hinn fatlaði skal hafa leyfi fyrir honum.

14. gr.

Lausir hundar, handsömun, geymsla, aflifun, kostnaður

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðsmanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hann. Hunda í lausagöngu skal færa í sérstaka hundageymslu hjá dýraeftirlitsmanni og skal tilkynna eiganda um handsömunina svo fljótt sem auðið er. Eigandi hunds skal greiða allan kostnað við handsömun og geymslu hans áður en honum er afhentur hundurinn á ný. Ef hunds er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti er heimilt að aflífa hann af dýralækni.

Sé ekki unnt að greina hver sé eigandi hunds sem handsamaður hefur verið, með örmerki eða öðru skýru auðkenni, skal auglýsa eftir eiganda hans. Hafi eigandi eða umráðamaður ekki gefið sig fram innan viku frá auglýsingu er dýraeftirlitsmanni heimilt að láta dýralækni aflífa hundinn.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, er heimilt að fjarlægja þegar í stað af dýraeftirlitsmanni og eftir atvikum aflífa tafarlaust í samráði við dýralækni. Óski hundaeigandi þess er dýraeftirlitsmanni þó heimilt að leita álits héraðsdýralæknis áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

15. gr.

Grimmir, varasamir og hættulegir hundar, aflifun

Hafi eigandi hunds eða dýraeftirlitsmaður Hvalfjarðarsveitar ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur skal eigandi sjá til þess að hundurinn sé ávallt mýldur utan heimilis síns. Ef hundur telst hættulegur, getur dýraeftirlitsmaður Hvalfjarðarsveitar, sá sem verður fyrir tjóni vegna hundsins eða umráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður og er þá skylt að verða við þeirri kröfu, enda hafi verið leitað álits sérfróðra aðila, s.s. dýralækna eða hundapjálfara, sem viðurkenndir eru af dýraeftirlitsmanni, áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

16. gr.

Lögregluaðstoð

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og dýraeftirlitsmaður sveitarfélagsins getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar.

17. gr.

Hundaræktun

Til hundaræktunar telst starfsemi þar sem þrír eða fleiri hundar eru haldnir til undaneldis og ætlunin er að hafa áfram til undaneldis eða til annarrar notkunar í atvinnuskyni sem ekki fellur undir hefðbundið búfjárhald. Vegna slíkrar starfsemi skal sækja um leyfi til Matvælastofnunar. Sveitarstjórn er heimilt að láta fyrirvaralaust framkvæma talningu hunda í hundarækt eða til notkunar í atvinnuskyni til að sannreyna skráðan fjölda hunda á viðkomandi stað.

Hundaræktun er óheimil í Melahverfi, Bjarkarási, Ásfelli, Krosslandi, Hlíðarbæ og Skólastíg við Heiðarskóla.

18. gr.

Þvingunarræði og viðurlög

Um valdsvið og þvingunarræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um að ræða stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu sæta málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

19. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 106/2008, um hundahald í Hvalfjarðarsveit.

Ákvæði til bráðabirgða

Undanþágur frá takmörkunum á hundahaldi sem kunna að hafa verið veittar fyrir gildistöku samþykktar þessarar halda gildi sínu. Þeir hundaeigendur sem við gildistöku samþykktar þessarar halda fleiri en þrjá hunda, samkvæmt skráningu og með leyfi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, halda þeirri heimild á meðan viðkomandi hundar halda lífi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. október 2016

F.h.r.

Sigmundur Samundadóttir
Laufey Helga Grötmundsdóttir



Hvalfjarðarsveit
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri
Innrimel 3
301 Akranesi

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 24. október 2016
Tilv.: UMH15050066/43-0

Ráðuneytið hefur staðfest og sent til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir meðfylgjandi samþykkt um hundahald í Hvalfjarðarsveit.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Vesturlands

